



Bæjarstjórn Garðabæjar 9. (979)/2026

Boðað er til 9. (979). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 4. júní 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2601001 - Fundargerð yfirkjörstjórnar frá 16/5 '26.
2. 2605431 - Kosning forseta bæjarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs.
3. 2605432 - Ráðning bæjarstjóra.
4. 2605433 - Kosning nefnda til eins árs.
 - a) Bæjarráð fimm aðalmenn og tilnefning tveggja áheyrnarfulltrúa.
5. 2605434 - Kosning nefnda til tveggja ára.
 - a) Stjórn Sorpu bs. - Aðalmaður og einn til vara.
 - b) Stjórn Strætó bs. - Aðalmaður og einn til vara.
6. 2605435 - Kosning fastanefnda til fjögurra ára.
 - a) Velferðarráð 5+5 +2 áheyrnarfulltrúar
 - b) Íþróttá- og tómstundaráð 5+5
 - c) Yfirkjörstjórn 3+3 +2 áheyrnarfulltrúar
 - d) Leikskólanefnd 5+5
 - e) Menningar- og safnanefnd 5+5
 - f) Skipulagsnefnd 5+5 +2 áheyrnarfulltrúar
 - g) Skólanefnd grunnskóla 5+5 +2 áheyrnarfulltrúar
 - h) Skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar 5+5
 - i) Stjórn Hönnunarsafns Íslands 3+3
 - j) Umhverfisnefnd 5+5
7. 2605436 - Kosning í samstarfsnefndir.
 - a) Almannaþingnefnd 1+1
 - b) Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 1+1
 - c) Heilbrigðisnefnd 1+1
 - d) Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins 2+2
 - e) Stjórn Hjálparsjóðs Garðasóknar 1+1
 - f) Stjórn Reykjanesfólkvangs 1+1
 - g) Stjórn SSH bæjarstjóri +1
 - h) Stjórn SHS bæjarstjóri +1
 - i) Öldungaráð 3



- j) Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks 3
- k) Stefnuráð byggðasamlaganna 3
- l) Stefnuráð áfangastaðarins hfbsv. 2+2

8. 2605437 - Kosning fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
9. 2605011F - Fundargerð bæjarráðs frá 12/5 '26.
10. 2605027F - Fundargerð bæjarráðs frá 19/5 '26.
11. 2605032F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/5 '26.
12. 2605002F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 6/5 '26.
13. 2605017F - Fundargerð leikskólanefndar frá 13/5 '26.
14. 2605019F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 15/5 '26.
15. 2604033F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 6/5 '26.
16. 2605008F - Fundargerð skólanefndar Tónlistarskólans frá 8/5 '26.
17. 2605015F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 13/5 '26.
18. 2605001F - Fundargerð velferðarráðs frá 8/5 '26.
19. 2605186 - Viljayfirlýsing um samstarf um uppbyggingu sérskólaurráða á höfuðborgarsvæðinu
20. 2602330 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 8/5 '26.
21. 2601508 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 17/4 '26.

Boðað er til fyrsta fundar nýkjörinnar bæjarstjórnar Garðabæjar samkvæmt ákvæði 2.mgr. 12.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Garðabæ, 29. maí 2026.

Almar Guðmundsson,
bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn Garðabæjar
8. (978). fundur 2026

Fimmtudaginn 7. maí 2026 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Guðfinnur Sigurvinsson bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson bæjarfulltrúi, Brynja Dan Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi og Guðlaugur Kristmundsson bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Margrét Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 16. apríl 2026 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2604026F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/4 '26.

Fundargerðin sem er 5.tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2604036F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/4 '26.

Fundargerðin sem er 14.tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2604048F - Fundargerð bæjarráðs frá 5/5 '26.

Björg Fenger ræddi 5.tl. Vífilsstaðir, deiliskipulag 1. áfangi og 6.tl. Garðahverfi - tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingarreita.

Guðfinnur Sigurvinsson ræddi 5.tl. Vífilsstaðir, deiliskipulag 1. áfangi.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 6.tl. Garðahverfi - tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingarreita. Hún áréttaði bókun Baldurs Ó. Svavarssonar frá fundi skipulagsnefndar 30. apríl 2026 um málið. Þá ræddi hún 12.tl. niðurstöður íbúafþings eldra fólks í Garðabæ 2026 og 13.tl. minnisblað um samþætta heilbrigðis- og félagsþjónustu í Garðabæ.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 12.tl. niðurstöður íbúafþings eldra fólks í Garðabæ 2026, 14.tl. sumarstörf í Garðabæ 2026 og 5.tl. Vífilsstaðir, deiliskipulag, 1. áfangi og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Viðreisn í Garðabæ fagnar því að nú hefst samtal við íbúa Garðabæjar og annað áhugafólk um uppbyggingu Vífilsstaða. Viðreisn hvetur til þess að sem flestum þeim sem hafi athugasemdir eða hugmyndir sendi þær inn til vinnslu hjá skipulagsyfyrvöldum bæjarins. Uppbygging mun heppnast vel í góðu samtali.

Það þarf að tryggja að við uppbyggingu á Vífilsstöðum verði skapað rými til þess að menning og viðburðir geti blómstrað, tekið á sig mynd og verið hluti af brag hverfisins. Það er mikilvægt að þessi uppbygging taki mið af því að það sé hægt að standa að viðburðum án mikils tilstands eða tilkostnaðar.

Til hamingju Garðabær með þennan áfanga. Nú hefjum við samtalið um þetta þekktu og merkilega kennileiti bæjarins."

Björg Fenger tók til máls að nýju og ræddi 6.tl. Garðahverfi - tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingarreita og áréttaði bókun meirihluta skipulagsnefndar frá fundi nefndarinnar 30. apríl 2026. Þá ræddi hún 12.tl. niðurstöður íbúafings eldra fólks í Garðabæ 2026.

Almar Guðmundsson ræddi 5.tl. Vífilsstaðir, deiliskipulag, 1. áfangi, 9.tl. endurnýjun gatna og lagna í Garðabæ, 12.tl. niðurstöður íbúafings eldra fólks í Garðabæ 2026 og 14.tl. sumarstörf í Garðabæ 2026.

Fundargerðin sem er 17.tl. er samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla mála.

2512147. Vífilsstaðir, deiliskipulag, 1. áfangi.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2026 varðandi tillögu að deiliskipulagi 1. áfanga Vífilsstaða sem unnin hafa verið af arkitektastofunni Gláma/Kím í samstarfi við umhverfissvið. Svæðið sem tillagan nær til er um 2 hektarar að stærð og afmarkast af Spítalavegi til vesturs og suðurs, Vífilsstaðavegi til norðurs og Ungmennafélagsgarði til austurs. Innan skipulagssvæðisins standa gamla fjósið, vélageymsluhús, Búhúsið og starfsmannabústaður austan þess. Á skipulagssvæðinu er gert er ráð fyrir atvinnuhúsnæði (skrifstofuhúsnæði), sem yrði samanlagt um 6000 m² að stærð. Gert er ráð fyrir 10 nýbyggingum í tveimur samstæðum. Auk þess yrðu fjósið, vélageymsluhúsið og Búhúsið nýtt sem atvinnu- eða þjónustuhúsnæði og þau gerð upp með tilhlýðilegri virðingu. Leitast er við að nýjar byggingar falli sem best að anda staðar og þeim mikilvæga byggingararfi sem fyrirfinnst á Vífilsstöðum. Það á við um stærðir bygginga, þakform, byggðamynstur og yfirbragð. Horft er til þess að rýmið (torgið) norðan Vífilsstaðaspítala haldi sér þó hluti þess sé utan þess svæðis sem deiliskipulagsáfanginn nær til. Aðkoma verður frá tveimur hringtorgum á Vífilsstaðavegi og verður aðalaðkoma frá hringtorginu næst Reykjanesbraut. Skipulagsnefnd vísar tillögunum til forkynningar (kynningar á vinnslustigi) í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Halda skal almennan kynningarfund á meðan á forkynningu stendur.

2010078. Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingarreita.

Bæjarstjórn samþykkir með 9 atkvæðum (AG, BF, SHJ, MB, HBE, GVG, GS, BDG, GK) gegn 2 (ÞÞ, IA) afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa. Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á deiliskipulagsupprætti: Almennar breytingar: - Afmarkaðar eru lóðir utan um núverandi byggingar á svæðinu. - Nýjum lóðum fjölgar alls um 6 á eftirfarandi býlum: Katrínarkoti, Hlíð, Miðengi, Görðum, Nýjabæ og Eystri-Dysjum. - Nýjar lóðir verða um 900 m² að stærð, staðsetningu og lögun lóða og byggingarreita er breytt í kjölfar samráðs við ábúendur eða vegna fornminja. - Heimreiðum að nýjum lóðum er breytt. Stígar og aðgengi: - Bætt öryggi og aðgengi gangandi á gatnamótum Garðavegar og Garðaholtsvegar. Hraðalækkandi aðgerðir og göngupveranir eru tilgreindar á upprætti á þessu svæði. - Afmörkuð er á upprætti göngupverun fyrir hraðalækkandi aðgerðir þar sem göngustígur þverar Garðaveg hjá Garðakirkju. - Bætt er við stofnstíg samhliða Garðavegi og Garðaholtsvegi í samræmi við aðalskipulag. - Gönguleið meðfram Garðavegi breytt í tengistíg í samræmi við flokkun í aðalskipulagi. - Flokkun stígsins meðfram ströndinni í Garðahverfi er breytt til samræmis við flokkun hans í aðalskipulagi sem útivistarstíg. Afmörkuð er á upprætti göngupverun fyrir hraðalækkandi aðgerðir við upphaf sama stígs við Aukatjörn. Grænigarður, Garðar, Garðaholt og Krókur: - Afmörkun deiliskipulagssvæðisins er breytt þannig að hún nær einnig yfir gömlu bæjartorfuna Höll. - Afmörkuð er lóð við húsið Grænagarð. - Aðkoma að Grænagarði frá kjarna Garðaholts er skilgreind á upprætti og bætt við leiðbeinandi legu stíga innan garðsins. Þá er skilgreindur byggingarreitur innan Grænagarðs með skilmálum fyrir lítil mannvirki sem tengjast starfsemi og rekstri almenningsgarðs s.s. fyrir

áhaldaymslu, garðhýsi eða annað. - Gert er ráð fyrir minjasvæði milli Garðakirkju og íbúðarhúss í Görðum. Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á deiliskipulagsgreinargerð: - Sett eru ákvæði um smáhýsi á lóðum. - Hámarksgrunnflötur nýrra íbúðarhúsa verður 100 m² í stað 80 m². - Bætt er við ákvæðum um þakgerð, gerð kvista, matjurtargarð, girðingar ofl. - Bætt er við ákvæði um að skipulagsnefnd sé heimilt að víkja frá einstökum ákvæðum skilmála ef færð eru góð rök fyrir því að útfærslan virði einkenni byggðarinnar og markmið deiliskipulagsins. - Kvöðum um fornleifar er breytt. - Kvöðum um einstök býli breytt til samræmis við breytingartillögur á deiliskipulagsuppdrætti. - Kvöðum og umfjöllun um Grænagarð er breytt til samræmis við breytingartillögur á deiliskipulagsuppdrætti og á aðalskipulagsuppdrætti. Skipulagsnefnd lagði til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á tillögunni: - Ein íbúðarhúslóð verði bætt við norðan Pálshúsa, Pálshús 4. - Landi Nýjabæjar 2 verði skipt upp í tvær íbúðarhúsalóðir, Nýjabæ 2a (núverandi hús) og Nýjabæ 2b (nýtt hús) - Lögun lóðar umhverfis Grjóta (Hausastaðakot) verði breytt. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna með ofangreindum breytingum sem breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan er í samræmi við tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðaholts og Garðahverfis og var samþykkt á síðasta fundi nefndarinnar. Voru tillögurnar auglýstar samhliða en hvorki athugasemdir né umsagnir gáfu tilefni til breytingar á aðalskipulagstillögunni. Lögð fram greinargerð umhverfissviðs þar sem fram kemur innihald þeirra athugasemda og tillaga að svörum Garðabæjar við þeim.

2512147 - Vífilsstaðir, deiliskipulag, 1.áfangi

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2026 varðandi tillögu að deiliskipulagi 1. áfanga Vífilsstaða sem unnin hafa verið af arkitektastofunni Gláma/Kím í samstarfi við umhverfissvið. Svæðið sem tillagan nær til er um 2 hektarar að stærð og afmarkast af Spítalavegi til vesturs og suðurs, Vífilsstaðavegi til norðurs og Ungmennafélagsgarði til austurs. Innan skipulagssvæðisins standa gamla fjósið, vélageymsluhús, Búhúsið og starfsmannabústaður austan þess. Á skipulagssvæðinu er gert er ráð fyrir atvinnuhúsnæði (skrifstofuhúsnæði), sem yrði samanlagt um 6000 m² að stærð. Gert er ráð fyrir 10 nýbyggingum í tveimur samstæðum. Auk þess yrðu fjósið, vélageymsluhúsið og Búhúsið nýtt sem atvinnu- eða þjónustuhúsnæði og þau gerð upp með tilhlýðilegri virðingu. Leitast er við að nýjar byggingar falli sem best að anda staðar og þeim mikilvæga byggingararfi sem fyrirfinnst á Vífilsstöðum. Það á við um stærðir bygginga, þakform, byggðamynstur og yfirbragð. Horft er til þess að rýmið (torgið) norðan Vífilsstaðaspítala haldi sér þó hluti þess sé utan þess svæðis sem deiliskipulagsáfanginn nær til. Aðkoma verður frá tveimur hringtorgum á Vífilsstaðavegi og verður aðalaðkoma frá hringtorginu næst Reykjanesbraut. Skipulagsnefnd vísar tillögunum til forkynningar (kynningar á vinnslustigi) í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Halda skal almennan kynningarfund á meðan á forkynningu stendur.

2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.

Bæjarstjórn samþykkir með 9 atkvæðum (AG, BF, SHJ, MB, HBE, GVG, GS, BDG, GK) gegn 2 (PP, IA) afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa. Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á deiliskipulagsuppdrætti: Almennar breytingar: - Afmarkaðar eru lóðir utan um núverandi byggingar á svæðinu. - Nýjum lóðum fjölgar alls um 6 á eftirfarandi býlum: Katrínarkoti, Hlíð, Miðengi, Görðum, Nýjabæ og Eystri-Dysjum. - Nýjar lóðir verða um 900 m² að stærð, staðsetningu og lögun lóða og byggingarreita er breytt í kjölfar samráðs við ábúendur eða vegna fornminja. - Heimreiðum að nýjum lóðum er breytt. Stígar og aðgengi: - Bætt öryggi og aðgengi gangandi á gatnamótum Garðavegar og Garðaholtsvegar. Hraðalækkandi aðgerðir

og gönguþveranir eru tilgreindar á uppdrætti á þessu svæði. - Afmörkuð er á uppdrætti gönguþverun fyrir hraðalækkandi aðgerðir þar sem göngustígur þverar Garðaveg hjá Garðakirkju. - Bætt er við stofnstíg samhliða Garðavegi og Garðaholtsvegi í samræmi við aðalskipulag. - Gönguleið meðfram Garðavegi breytt í tengistíg í samræmi við flokkun í aðalskipulagi. - Flokkun stígsins meðfram ströndinni í Garðahverfi er breytt til samræmis við flokkun hans í aðalskipulagi sem útivistarstíg. Afmörkuð er á uppdrætti gönguþverun fyrir hraðalækkandi aðgerðir við upphaf sama stígs við Aukatjörn. Grænigarður, Garðar, Garðaholt og Krókur: - Afmörkun deiliskipulagssvæðisins er breytt þannig að hún nær einnig yfir gömlu bæjartorfuna Höll. - Afmörkuð er lóð við húsið Grænagarð. - Aðkoma að Grænagarði frá kjarna Garðaholts er skilgreind á uppdrætti og bætt við leiðbeinandi legu stíga innan garðsins. Þá er skilgreindur byggingarreitur innan Grænagarðs með skilmálum fyrir lítil mannvirki sem tengjast starfsemi og rekstri almenningsgarðs s.s. fyrir áhaldageymslu, garðhýsi eða annað. - Gert er ráð fyrir minjasvæði milli Garðakirkju og íbúðarhúss í Görðum. Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á deiliskipulagsgreinargerð: - Sett eru ákvæði um smáhýsi á lóðum. - Hámarksgrunnflötur nýrra íbúðarhúsa verður 100 m² í stað 80 m². - Bætt er við ákvæðum um þakgerð, gerð kvista, matjurtargarð, girðingar ofl. - Bætt er við ákvæði um að skipulagsnefnd sé heimilt að víkja frá einstökum ákvæðum skilmála ef færð eru góð rök fyrir því að útfærslan virði einkenni byggðarinnar og markmið deiliskipulagsins. - Kvöðum um fornleifar er breytt. - Kvöðum um einstök býli breytt til samræmis við breytingartillögur á deiliskipulagsuppdrætti. - Kvöðum og umfjöllun um Grænagarð er breytt til samræmis við breytingartillögur á deiliskipulagsuppdrætti og á aðalskipulagsuppdrætti. Skipulagsnefnd lagði til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á tillögunni: - Ein íbúðarhúslóð verði bætt við norðan Pálshúsa, Pálshús 4. - Landi Nýjabæjar 2 verði skipt upp í tvær íbúðarhúsalóðir, Nýjabæ 2a (núverandi hús) og Nýjabæ 2b (nýtt hús) - Lögun lóðar umhverfis Grjóta (Hausastaðakot) verði breytt. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna með ofangreindum breytingum sem breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan er í samræmi við tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðaholts og Garðahverfis og var samþykkt á síðasta fundi nefndarinnar. Voru tillögurnar auglýstar samhliða en hvorki athugasemdir né umsagnir gáfu tilefni til breytingar á aðalskipulagstillögunni. Lögð fram greinargerð umhverfissviðs þar sem fram kemur innihald þeirra athugasemda og tillaga að svörum Garðabæjar við þeim.

4. 2604031F - Fundargerð leikskólanefndar frá 22/4 '26.

Margrét Bjarnadóttir ræddi 1.tl. innritun í leikskóla 2026 og 2.tl. Þróunarsjóð leikskóla 2026-2027.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2604024F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 16/4 '26.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 1.tl. fristundabjónusta fatlaðra barna og ungmenna og 2.tl. búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2604042F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 30/4 '26.

Björg Fenger ræddi 2.tl. Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes og 3.tl. Norðurnes Álftaness, deiliskipulag.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2604015F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 15/4 '26.

Ingvar Arnarson ræddi 5.tl. umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2604010F - Fundargerð velferðarráðs frá 17/4 '26.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 3.tl. búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti, 5.tl. hönnun - útboð - Lambamýri 2. áfangi. Frístundaþjónusta fyrir fötluð ungmenni og 4.tl. samráðsfundur velferðarsviða hjá SSH.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2604030F - Fundargerð öldungaráðs frá 27/4 '26.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 2.tl. íbúáþing eldra fólks 2026 og 3.tl. kynning á starfsemi félagsmiðstöðva eldra fólks í Garðabæ.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2602076 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/4 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 2602330 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 10/4 '26.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 20/4 '26.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 1.tl. sérskóli á höfuðborgarsvæðinu - sóknaráætlun 2025 og 4.tl. PANT akstursþjónusta.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. sérskóli á höfuðborgarsvæðinu - sóknaráætlun 2025 og 4.tl. PANT akstursþjónusta.

Fundargerðin er lögð fram.

13. 2602305 - Fundargerðir samstarfsnefndar skíðasvæðanna frá og 22/4 og 29/4 '26.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

14. 2508513 - Ársreikningur Garðabæjar 2025 (síðari umræða).

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri kvaddi sér hljóðs og fór nánar yfir helstu niðurstöður ársreiknings Garðabæjar fyrir árið 2025.

Bæjarstjóri lagði til við bæjarstjórn að samþykkja ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2025.

Gunnar Valur Gíslason tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2025 staðfestir enn á ný sterka fjárhagslega stöðu bæjarsjóðs Garðabæjar og ábyrga fjármálastjórn. Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 2.753 m.kr. og fjármagnsgjöld lækkuðu um 275 m.kr. frá árinu 2024. Þetta er afar góð niðurstaða miðað við

óvenju óhagstæðar ytri aðstæður, viðvarandi verðbólgu og háa vexti.

Tekjur jukust umfram áætlanir og reksturinn skilar traustu veltufé frá rekstri, alls 2.389 m.kr. Samhliða því var hrein lántaka óveruleg á árinu 2025. Skuldaviðmið lækkaði úr 97% í 86% og skuldahlutfall lækkaði úr 120% í 110%. Þetta er skýr vísending um að markviss stefna um aðhald, ábyrgð og langtímahugsun skilaði miklum árangri árinu.

Haldið var áfram öflugri uppbyggingu í bænum með fjárfestingum í skólum, íþróttamannvirkjum, fráveitu og annarri grunnþjónustu. Slík uppbygging er forsenda þess að mæta þörfum ört vaxandi samfélags, en íbúum Garðabæjar fjölgaði um rúmlega 600 á árinu 2025. Það er mikilvægt að tekjur af sölu byggingarréttar hafa ávallt verið nýttar til áframhaldandi uppbyggingar innviða og niðurgreiðslu skulda.

Þessi góði árangur hefur náðst á sama tíma og álögum er stillt í hóf. Útsvarshlutfallið er með því lægsta sem þekkt meðal sveitarfélaga á Íslandi, álagningarhlutfall fasteignagjalda hefur verið lækkað ásamt því að almennar gjaldskrárhækkanir hafa ekki verið umfram verðlag.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2025 endurspegli traustan rekstur, skýra forgangsroðun og ábyrg vinnubrögð. Sá árangur skapar sterkan grunn fyrir áframhaldandi uppbyggingu, öfluga þjónustu og aukin lífsgæði í Garðabæ. Um þessa mikilvægu hagsmuni bæjarbúa vilja bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins standa vörð um hér eftir sem hingað til."

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Bæjarfulltrúar Garðabæjarlistans vilja koma á framfæri þökkum til starfsfólks bæjarins fyrir vinnu við ársreikning. Jákvæð rekstrarafkoma Garðabæjar og lækkandi skuldahlutfall eru fagnaðarefni, skuldir á hvern íbúa hafa einnig lækkað lítillega milli ára. Undirliggjandi er þó sú staða að án sölu byggingarréttar væri A-sjóður rekinn með töluverðum halla. Tekjur af sölu byggingarréttar voru varlega áætlaðar 1,2 milljarðar í fjárhagsáætlun en enda í tæpum 3,7 milljörðum. Einnig reyndust tekjur af útsvari og fasteignaskatti hærri en áætlað var. Hefði Garðabær ekki selt byggingarrétt fyrir tæpa 2,5 milljarða umfram áætlun væri rekstrarafkoma A-sjóðs neikvæð um 234 milljónir. Hefði enginn byggingarréttur komið til yfirhöfuð væri afkoman neikvæð upp á 1,4 milljarða. Auk þess eru rekstrargjöld í A-hluta rúmum 700 milljónum yfir áætlun og mikilvægt í framhaldinu að rýna vel ástæður þess. Tekjur af sölu byggingarréttar eru í eðli sínu einskiptstekjur - og Garðabær er því langt frá því að skatttekjur, framlög jöfnunarsjóðs og tekjur af þjónustugjöldum dugi fyrir rekstri grunnþjónustunnar. Það er eðlilegt að sveitarfélag í uppbyggingu brúi bilið með byggingarrétti og skuldi mikið áður en skatttekjur nýrra íbúa og fyrirtækja koma inn. Við höfum þó áhyggjur, því á sama tíma gera háar skuldir Garðabæ veikari fyrir áhrifum ytri þátta - líkt og birtist í fjármagnskostnaði, sem stendur í 1,7 milljörðum og er 100 milljónum yfir áætlun. Framundan eru áframhaldandi vöxtur og fjárfestingar í innviðum sem eru nauðsynlegir til að veita bæjarbúum viðeigandi þjónustu. Til að standa undir þeirri fjárfestingu er mikilvægt að fara varlega í næstu skref, sérstaklega í ljósi ytri aðstæðna bæði á Íslandi og í heiminum öllum."

Guðlaugur Kristmundsson tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Rekstrarniðurstaða skv. ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2025 virðist gefa til kynna sterka afkomu af rekstri bæjarins, þ.e. 2,2 ma.kr. hagnað. Þessi niðurstaða staðfestir þær freistingar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fallið fyrir. Sömu freistingar og önnur sveitarfélög í vexti hafa fallið fyrir og líða nú fyrir. Staðreyndin er hins vegar sú að rekstrarafkoma af grunnrekstri Garðabæjar er neikvæð um tæpan milljarð! Grunnreksturinn okkar stendur ekki undir sjálfum sér. Með öðrum orðum; grunnrekstur Garðabæjar er ósjálfbær. Söluandvirði af eignum bæjarins hefur hér verið varið til þess að fjármagna grunnrekstur Garðabæjar í stað þess að verja þeim á ábyrgan hátt og greiða niður skuldir eða ráðast í brýnar fjárfestingar sem stækkandi bæjarfélag þarfnast. Ný hverfi kalla á að fjárfest sé með byggingaframkvæmdum, t.d. í skóla og aðra grunninnviði sem ekki eru byggðar á meðan krónurnar fara í grunnreksturinn. Við nýtum sömu krónuna ekki tvisvar. Þegar við erum farin að reiða okkur á sölu eigna til að standa undir rekstrinum og fegra afkomu

bæjarfélagsins, þá bólgnað báknið bara út og reksturinn verður enn ósjálfbærari. Slík þróun gerir reksturinn brothættari og dregur úr fjárhagslegu svigrúmi. Ákvörðun í framtíðinni um að hætta eða hægja á uppbyggingu bæjarins verður ekki lengur pólitísk eða á okkar valdi, hún verður þá orðin nauðsynleg til þess að fjármagna neysluna. Ákvörðunin um það hvernig eða hvort stækka skuli bæinn yrði ekki lengur tekin af yfirlögðu ráði með framtíðarsýn bæjarfélagsins okkar að leiðarljósi, hún væri tekin af illri nauðsyn. Við verðum að sjálf að hafa forræði fyrir þeirri ákvörðun.

Viðreisn í Garðabæ gagnrýnir þessa stöðu og að afkoman sé fegrud á þennan hátt. Viðreisn vill koma að myndun nýs meirihluta sem tekur á þessari stöðu og snýr grunnrekstrinum við í jákvæða stöðu."

Almar Guðmundsson tók til máls að nýju.

Gunnar Valur Gíslason tók til máls að nýju.

Guðlaugur Kristmundsson tók til máls að nýju.

Gunnar Valur Gíslason tók til máls að nýju.

Almar Guðmundsson tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða við síðari umræðu ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2025 samkvæmt 61. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011, sbr. 2. tl. 1. mgr. 18. gr. laganna.

Samþykktinni til staðfestingar er ársreikningurinn undirritaður af viðstöddum bæjarfulltrúum.

15. 2605046 - Kjörtímabilið 2022-2026.

Sigríður Hulda Jónsdóttir tók til máls.

Ingvar Arnarson tók til máls.

Gunnar Valur Gíslason tók til máls.


Guðfinnur Sigurvinsson tók til máls.


Brynja Dan Gunnarsdóttir tók til máls.

Almar Guðmundsson tók til máls.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 7. maí 2026 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.



























Yfirkjörstjórn Garðabæjar
17. fundur 2026

Laugardaginn 16. maí 2026 kl. 07:00 kom yfirkjörstjórn Garðabæjar saman til fundar í íþróttamiðstöðinni Mýrinni.

Fundinn sátu: Soffía Eydís Björgvinsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Gunnar Hólmsteinn Ársælsson aðalmaður, Ásta Leonhardsdóttir áheyrnarfulltrúi og Guðjón Erling Friðriksson lögfræðingur.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2601001 - Sveitarstjórnarkosningar 2026

Laugardaginn 16. maí 2026 var kjörfundur settur kl. 9:00 til að láta fara fram kosningu á 11 mönnum í bæjarstjórn Garðabæjar.

Kjörstaður eru í Mýrinni íþróttahúsi og Álftanesskóla.

Yfirkjörstjórn er með aðsetur í Mýrinni íþróttahúsi og hana skipa eftirfarandi einstaklingar:

Soffía Eydís Björgvinsdóttir, oddviti.

Jóhann Steinar Ingimundarson

Gunnar Hólmsteinn Ársælsson

Guðrún Jónsdóttir

Hrafnhildur Helgadóttir

Kristrún Jóhannsdóttir.

Starfsmenn kjörstjórnar eru Lúðvík Örn Steinarsson bæjarritari, Ágúst Þór Guðmundsson og Guðjón Erling Friðriksson. Um skipan Ágúst, Lúðvíks og Guðjóns vísast til 16.gr. kosningarlaga nr. 112/2021. Um skipan undirkjörstjórna vísast til gerðabóka kjördeilda.

Áheyrnarfulltrúar eru Ásta Leonhardsdóttir og Konráð Olavsson.

Í Álftanesskóla starfar hverfiskjörstjórn og hana skipa eftirfarandi einstaklingar:

Snædís Björnsdóttir

Lúðvík Hjalti Jónsson

Guðfinna Dröfn Aradóttir

Þorgerður Kristinsdóttir.

Um lista þá og frambjóðendur sem eru í kjöri vísast til fundargerðar yfirkjörstjórnar 12. apríl 2026. Það sama á við um umboðsmenn lista, sbr. fundargerð kjörstjórnar.

Áður en kosningar hófust voru mættir í Mýrina íþróttahús eftirfarandi umboðsmenn framboðanna:

Fyrir B-lista Framsóknarflokks mætti Sigurður Jökull Ólafsson.

Fyrir D-lista Sjálfstæðisflokks mætti Jóna Sæmundsdóttir

Fyrir C-lista Viðreisnar mætti Þyri Halla Steingrímsdóttir.

Fyrir M-lista Miðflokks mætti Zophanías Sigurðsson.

Fyrir S-lista Samfylkingar mætti Kristján Sigurðsson.

Fyrir G-lista Garðabæjarlistans var ekki mætt.

Klukkan 08:00 voru kjörkassar í kjördeildum innsiglaðir af yfirkjörstjórn. Farið var í tveimur teymum inn í kjördeildir, þ.e. Soffía, Gunnar og Guðrún fóru í kjördeildir 1-5 og Jóhann, Hrafnhildur og Ásta fóru í kjördeildir 6-10. Gengið var úr skugga um að kassar væru tómir og þeir innsiglaðir með fjórum innisiglum í viðurvist umboðsmanna, nöfn umboðsmanna voru færð í gerðarbækur kjördeilda. Einnig voru innsiglaðir tómir kjörkassar til útskiptingar síðar í dag. Voru þeir innsiglaðir með fjórum innsiglum á hverri hlið kassans auk innsiglis sem límt var yfir rauf ofan á kjörkassa. Um númer kjörkassa og innsigla vísast til skráninga í gerðarbókum kjördeilda 1-10. Afhentir voru 2.900 kjörseðlar. Kjördeild 1 fékk 200 og kjördeildir 2-10 fengu 300 kjörseðla hver.

Klukkan 06:56 var innsigli á geymslu rofið af Soffíu og Jóhanni. Tveir kassar af kjörseðlum voru færðir fulltrúum kjörstjórnar á Álftanesi, Snædísí Björnsdóttur og Lúðvík Hjalta Jónssyni. Þrír kassar færðir í vörslu yfirkjörstjórnar, kjörseðlar taldir í bunka með 100 kjörseðlum. Geymsla innsigluð að nýju K00054821 og hún læst. Um upphaf kosninga í Álftanesskóla vísast til gerðarbókar hverfiskjörstjórnar. Formaður kjörstjórnar lagði fram kjörgögn. Fjöldi prentaðra kjörseðla er 15.730. Kjörklefar eru 40 í 10 kjördeildum í Mýrinni og 8 kjörklefar í 2 kjördeildum í Álftanesskóla. Þeir hafa verið athugaðir og lýstir löglega útbúnir. Kosning hófst í kjördeildum kl. 09:00.

Klukkan 08:45 skráir Kristján Sigurðsson, umboðsmaður S-lista sig út. Gerir ekki athugasemdir við framkvæmd kosninga. Mætti klukkan 07:52 í morgun.

Klukkan 08:47 skráir Sigurður Jökull umboðsmaður B-lista sig út. Gerir ekki athugasemdir við framkvæmd kosninga. Mætti klukkan 07:00 í morgun.

Klukkan 08:52 skráir Þyri Steingrímsdóttir umboðsmaður C-lista sig út. Gerir ekki athugasemdir við framkvæmd kosninga. Mætti klukkan 07:00 í morgun.

Klukkan 09:11 skráir Jóna Sæmundsóttir umboðsmaður D-lista sig út. Gerir ekki athugasemdir við framkvæmd kosninga. Mætti klukkan 07:36 í morgun.

Klukkan 09:13 skráir Zophanías Sigurðsson, umboðsmaður M-lista sig út. Gerir ekki athugasemdir við framkvæmd kosninga. Mætti klukkan 07:50 í morgun.

Innsigli á geymslu rofið af fulltrúum yfirkjörstjórnar Soffíu og Gunnari kl. 09:33. Sjö kassar af kjörseðlum sóttir, þ.e. 7.000 kjörseðlar og þeir færðir í vörslu yfirkjörstjórnar. Geymsla læst og hún innsigluð að nýju með innsigli nr. K00054832.

Flokkunarstaður utankjörfundaratkvæða í Fjölbrautarskólanum í Garðabæ var innsiglaður af Soffíu og Jóhanni kl. 09:56, þ.e. útgangur og hurð í geymslu voru innsigluð með innsiglum nr. K00054833 og K00054834.

Klukkan 10:04 rufu fulltrúar yfirkjörstjórnar, Soffía og Jóhann, innsigli á geymslu í Mýrinni. Sóttir voru fjórir kassar af utankjörfundaratkvæðum og þeir fluttir á flokkunarstað utankjörfundaratkvæða í Fjölbrautarskólanum í Garðabæ til flokkunar. Eftirfarandi kjörkassar voru fluttir á flokkunarstað: Kassi A0029 frá bæjarskrifstofu Garðabæjar, innsiglaðir með innsiglum nr. L26635, L26637, L26636, L26634 og K00054813. Kassi A0570 frá Sýslumanni innsiglaður með innsiglum nr. L26392, L269389, L26391 og K00056355. Kassi A0563 frá Sýslumanni innsiglaður með innsiglum L26714, L2615, L26716, L26713 og K00056354. Kassi nr. A0562 frá Sýslumanni innsiglaður með innsiglum nr. L26302, L26304, L26303, L26301 og L3225. Kassar skoðaðir og staðfest að öll innsigli voru órifin. Geymslu í Mýri læst og hún innsigluð með nr. K00054835.

Við komuna á flokkunarstað í Fjölbrautarskólanum í Garðabæ voru innsigli á kjörkössum rofin af fulltrúum yfirkjörstjórnar og kjörseðlar úr einum kassa settir upp á borð til flokkunar. Sigríður Dís Guðjónsdóttir er fulltrúi yfirkjörstjórnar við yfirferð og flokkun utankjörfundaratkvæða. Kristján Sigurðsson umboðsmaður S-lista var viðstaddur. Hurð að flokkunarstað var lokuð og hennar gætt. Flokkun hefst.

Klukkan 10:50 fóru fulltrúar yfirkjörstjórnar Jóhann og Guðrún í Kjördeildir 1-10 og yfirfóru skráningar á kjörkössum og innsiglium í gerðarbókum kjördeilda. Skráningar staðfestar sem réttar.

Klukkan 12:25 færðu fulltrúar yfirkjörstjórnar, Gunnar og Konráð kjördeild 1 100 kjörseðla.

Klukkan 12:45 kom Magnús Bjarnarson aðstoðarmaður umboðsmanns M-lista á skrifstofu yfirkjörstjórnar og veitti kosningaskilríkjum viðtöku.

Klukkan 12:50 kom Haraldur Gíslason aðstoðarmaður umboðsmanns M-lista á skrifstofu yfirkjörstjórnar og veitti kosningaskilríkjum viðtöku.

Klukkan 12:55 skráir Magnús Bjarnarson aðstoðarmaður umboðsmanns M-lista sig út. Gerir ekki athugasemdir við framkvæmd kosninga.

Klukkan 13:00 kom Ingi Þór Hermannsson umboðsmaður C-lista á skrifstofu yfirkjörstjórnar og skráði sig inn.

Klukkan 13:15 fóru fulltrúar yfirkjörstjórnar, Hrafnhildur og Krístrún með ónotaða kjörseðla í kjördeildir 1-10, þ.e. 300 kjörseðla í hverja deild, samtals 3.000.

Klukkan 13:17 skráir Ingi Þór Hermannsson umboðsmaður C-lista sig út. Gerir ekki athugasemdir við framkvæmd kosninga.

Klukkan 13:35 voru kjörkassar á skrifstofu yfirkjörstjórnar innsiglaðir af fulltrúum kjörstjórnar, Hrafnhildi og Krístrúnu. Í kössunum voru 2.000 ónotaðir kjörseðlar í hvorum um sig. Kassi A0564 var innsiglaður með innsiglium nr. K00054847 og K00054848 og kassi nr. A0492 var innsiglaður með innsiglium nr. K00054849 og K00054850.

Klukkan 13:41 kom Þorvaldur Þorsteinsson umboðsmaður G-lista á skrifstofu yfirkjörstjórnar og skráði sig inn og út af kjörstað. Gerir ekki athugasemdir við framkvæmd kosninga.

Klukkan 14:27 skráir Kristján Sigurðsson umboðsmaður S-lista sig inn á skrifstofu yfirkjörstjórnar.

Klukkan 14:15 móttóku fulltrúar yfirkjörstjórnar, Soffía, Konráð, Lúðvík og Ágúst utankjörfundaratkvæði eftir flokkun þeirra í fyrirlestrasal í Fjölbrautarskólanum í Garðabæ. Þar annaðist flokkun atkvæða Sigríður Dís Guðjónsdóttir auk eftirfarandi aðila: Agla Steinunn Bjargþórsdóttir, Aron Ásmundsson, Birgir Steinn Blöndal, Dagbjört Skaftadóttir, Ísak Ásmundsson, Jóhanna Birta Jóhannsdóttir, Jón Sigþór Jónsson, Jónína Skaftadóttir, Katla Sól Sigurðardóttir, Ragnhildur Birta Nikulásdóttir, Rákel Björk Ágústsdóttir, Rákel Sara Sigþórsdóttir, Sólveig Skaftadóttir, Stefán Dahl, Valur Jóhannsson, Dagný Ágústsdóttir, Aldís María Sigþórsdóttir, Stefán Karolís Stefánsson, Elín Guðný Gunnarsdóttir. Utankjörfundaratkvæði voru sett í tólf kassa og þeir innsiglaðir með eftirfarandi innsiglium: K00054837, K00054840, K00054843, K00054846, K00054853, K00054838, K00054841, K00054844, K00054851, K00054854, K00054839, K00054842, K00054845, K00054852, K00054855, K00054856, K00054859, K00054862, K00054857, K00054860, K00054863, K00054858, K00054861, K00054864.

Utankjörfundaratkvæðin voru flutt af fulltrúum yfirkjörstjórnar á skrifstofu kjörstjórnar í Mýrinni. Samtals voru utankjörfundaratkvæði talin 2.289.

Klukkan 14:39 skráir Kristján Sigurðsson, umboðsmaður S-lista sig út. Gerir engar athugasemdir.

Klukkan 14:54 kom Eyjólfur Eiríksson aðstoðarmaður umboðsmanns M-lista á skrifstofu yfirkjörstjórnar og veitti kosningaskilríkjum sínum viðtöku. Hann yfirgaf kjörstað í kjölfarið.

Klukkan 15:04 skráir Jóna Sæmundsdóttir, umboðsmaður D-lista sig inn á skrifstofu yfirkjörstjórnar.

Klukkan 15:17 skráir Jóna Sæmundsdóttir, umboðsmaður D-lista sig út og gerir engar athugasemdir við framkvæmd kosninga.

Klukkan 16:08 skráir Sigurður J. Ólafsson, umboðsmaður B-lista sig inn.

Klukkan 16:10 Fulltrúar yfirkjörstjórnar Krístrún og Ásta rufu innsigli á kjörkassa nr. A0564 sem geymdur var á skrifstofu yfirkjörstjórnar. Í kassanum voru ónotaðir kjörseðlar. Farið var með 200 kjörseðla í kjördeildir 1-10, samtals 2.000 kjörseðla.

Klukkan 16:28 yfirgaf Sigurður J. Ólafsson umboðsmaður B-lista kjörstað og hélt út á Álftanes, þ.e. kjörstað í Álftanesskóla.

Klukkan 17:03 skráir Jóna Sæmundsdóttir, umboðsmaður D-lista sig inn á skrifstofu kjörstjórnar.

Klukkan 17:14 skráir Ingi Þór Hermannsson, umboðsmaður C-lista sig inn á skrifstofu kjörstjórnar.

Að lokinni flokkun utankjörfundaratkvæða var ljóst að fjöldi þeirra var 2.289. Eitt atkvæðanna tilheyrði Reykjavík en 2.288 tilheyrðu Garðabæ. Sjá bókun hér að framan tímasetta klukkan 14:15.

Klukkan 17:28 mættu kosningaeftirlitsmenn frá Democracy Volunteers, Agnese Cigliano og Ruben Django Hellier á skrifstofu yfirkjörstjórnar. Fulltrúar kjörstjórnar Ásta og Hrafnhildur fylgdu þeim um kjörstað.

Klukkan 17:36 skráir Zophanías Sigurðsson, umboðsmaður M-lista sig inn á skrifstofu yfirkjörstjórnar.

Klukkan 17:38 afhentu fulltrúar hverfiskjörstjórnar á Álftanesi, Lúðvík Hjalti og Snædís, fulltrúum yfirkjörstjórnar, Soffiu, Lúðvík og Jóhanni, innsiglaða kjörkassa nr. A0488 og A0490. Fulltrúar yfirkjörstjórnar afhentu fulltrúum hverfiskjörstjórnar á Álftanesi tvo innsiglaða kassa með utankjörfundaratkvæðum fyrir Álftanes. Hverfiskjörstjórn á Álftanesi hafði sjálf annast að skipt væri um kjörkassa í kjördeildum á Álftanesi. Voru kassarnir innsiglaðir. Viðstaddir voru umboðsmenn flokkanna og eru þeir eftirfarandi: María Guðjónsdóttir aðstoðarmaður umboðsmanns D-lista, Sigurður J. Ólafsson aðstoðarmaður umboðsmanns B-lista, Kristján Sigurðsson, umboðsmaður S-lista og Eyþór Eðvarðsson aðstoðarmaður umboðsmanns C-lista. Þegar skipt var um kjörkassa höfðu samtals 1103 kjósendur kosið. Í kjördeild I: 580 og í kjördeild II: 523.

Fulltrúar yfirkjörstjórnar Soffia, Jóhann, Ásta og Gunnar önnuðust skipti á kjörkössum í kjördeildum 1-10 milli klukkan 17:30 og 18:10. Eftirfarandi kassar voru innsiglaðir: A0468,

A0470, A0472, A0474, A0476, A0478, A0480, A0482, A0484 og A0486 í viðurvist eftirfarandi umboðsmanna: Jóna Sæmundsdóttir D-lista, Ingi Þór Hermannsson C-lista, Zophanías Sigurðsson M-lista. Einnig voru viðstödd kosningaefirlitsmenn frá Democracy Volunteers, Agnese Cigliano og Reuben Django Hellier, er skipt var um kjörkassa í kjördeildum 1-5. Hinir innsigluðu kjörkassar voru færðir úr Mýrinni yfir í Urðarbrunn, sal í Fjölbrautarskólanum í Garðabæ af fulltrúum yfirkjörstjórnar.

Fulltrúar yfirkjörstjórnar innsigluðu þrjá útganga í Urðarbrunni með fjórum innsiglium: K00054883, K00054884, K00054885 og K00054886.

Þegar skipt var um kjörkassa höfðu samtals 7.295 kjósendur kosið þ.e.:

Kjördeild 1: 603.

Kjördeild 2: 661.

Kjördeild 3: 564.

Kjördeild 4: 626.

Kjördeild 5: 591.

Kjördeild 6: 659.

Kjördeild 7: 612.

Kjördeild 8: 638.

Kjördeild 9: 613.

Kjördeild 10: 625.

Kjördeild 1 Álfanesi: 580

Kjördeild 2 Álfanesi: 523.

Staðfest var af fulltrúum yfirkjörstjórnar að innsigli á kjörkössum voru órofin við komuna í Urðarbrunn í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Eftirfarandi umboðsmenn höfðu komið sér fyrir í Urðarbrunni til þess að fylgjast með flokkun atkvæða: Haukur Þór Hauksson aðstoðarmaður umboðsmanns D-lista, Þorvaldur Þorsteinsson G-lista, Kristján Sigurðsson S-lista, Ingi Þór Hermannsson C-lista, Zophanías Sigurðsson M-lista og Sigurður J. Ólafsson aðstoðarmaður umboðsmanns B-lista. Fulltrúar yfirkjörstjórnar sem annast flokkun atkvæða í Urðarbrunni í FG eru: Jóhann, Ásta, Ágúst og Þorbjörg Kolbeinsdóttir.

Klukkan 18:34 var hurð að Urðarbrunni læst og hún innsigluð með innsigli nr. K00054887 af fulltrúum kjörstjórnar Soffiu og Guðrúnu.

Klukkan 18:45 fóru fulltrúar kjörstjórnar, Gunnar og Konráð með tíu inniglaða kassa með utankjörfundaratkvæðum í kjördeildir 1-10.

Klukkan 18:57 var innsigli á kjörkassa A0490 rofið af fulltrúum yfirkjörstjórnar Soffiu og Guðrúnu og ónotuðum kjörseðlum dreift í kjördeildir 1-10. 200 kjörseðlar fóru í hverja deild, samtals 2.000 kjörseðlar.

Klukkan 19:30 skráir Snorri Marteinnsson umboðsmaður M-lista sig inn á skrifstofu yfirkjörstjórnar.

Klukkan 19:35 fóru fulltrúar yfirkjörstjórnar Hrafnhildur og Krístrún með 8 utankjörfundaratkvæði sem borist höfðu á skrifstofu yfirkjörstjórnar í kjördeildir. 1 atkvæði í kjördeild 1, 2 atkvæði í kjördeild 6, 1 atkvæði kjördeild 8, 1 atkvæði kjördeild 9 og 3 atkvæði í kjördeild 10.

Klukkan 19:48 yfirgefur Snorri Marteinnsson, umboðsmaður M-lista kjörstað.

Kl. 20:14 fóru fulltrúar yfirkjörstjórnar, Hrafnhildur og Krístrún með 8 utankjörfundaratkvæði sem borist höfðu á skrifstofu yfirkjörstjórnar í kjördeildir. 2 atkvæði í kjördeild 3, 1 atkvæði í kjördeild 6, 4 atkvæði í kjördeild 7 og 1 atkvæði í kjördeild 8.

Kl. 21:00 fór fulltrúi kjörstjórnar, Guðjón, með 1 utankjörfundaratkvæði til hverfiskjörstjórnar á Álftanesi.

Öryggisvörður frá Securitas, Alexander Sigurðsson, kt. 250893-2569 annast gæslu fyrir utan flokkunar og talningarstað að Urðarbrunni í FG frá lokun talningastaðar klukkan 18:34 til klukkan 22:00.

Starfsmenn kjörstjórnar sem annast flokkun og talningu atkvæða eru Árni Jón Eggertsson, Ágúst Þór Guðmundsson, Ásgeir Örn Sigurpálsson, Hulda Hauksdóttir, Kristín Ósk Leifsdóttir, Sædís Gyða Þorbjörnsdóttir, Þorbjörg Kolbeinsdóttir, Þóra Kristín Jörundsdóttir, Fanný Lilja Hermundardóttir, Sigurður Reynir Karlsson, Egill Daði Gíslason og Auður Jóhannsdóttir.

Klukkan 21:47 skrá Þyri Steingrímsdóttir umboðsmaður C-lista og Jóna Sæmundsdóttir umboðsmaður D-lista sig inn á skrifstofu yfirkjörstjórnar.

Þann 7. maí 2026 sendi Lúðvík Örn, bæjarritari póst á umboðsmenn framboða og vakti athygli á þeirra á því hvar og hvenær talning atkvæða færi fram og flokkun og undirbúningur talningar færi fram.

Klukkan 21:18 fór fulltrúi yfirkjörstjórnar, Lúðvík Örn með 1 utankjörfundaratkvæði í kjördeild 4.

Haldin var skrá yfir afhenta kjörseðla í kjördeildir sem færð var í tölvu. Haldin var skrá yfir utankjörfundaratkvæði sem færð var í tölvu.

Kjörfundi lauk klukkan 22:00 og hófst þá talning atkvæða í Urðarbrunni í Fjölbrautarskólanum í Garðabæ. Innsigli á hurð rofið klukkan 22:04 af fulltrúa yfirkjörstjórnar, Guðjóni og hurð á talningarsal opnuð.

Klukkan 22:16 yfirgefur Jóna Sæmundsdóttir umboðsmaður D-lista kjörstað.

Klukkan 22:30 yfirgefur Þyri Steingrímsdóttir umboðsmaður C-lista kjörstað.

Að loknum kjörfundi móttóku fulltrúar yfirkjörstjórnar, Gunnar, Konráð og Kristrún atkvæðakassa frá undirkjörstjórnunum í kjördeildum 1-10. Fulltrúar yfirkjörstjórnar Soffía og Hrafnhildur tóku á móti kjörgögnum frá undirkjörstjórnunum í eftirfarandi röð:

Klukkan 22:04 - kjördeild 4.

Klukkan 22:21 - kjördeild 7.

Klukkan 22:33 - kjördeild 6.

Klukkan 22:42 - kjördeild 2.

Klukkan 22:50 - kjördeild 5.

Klukkan 22:52 - kjördeild 10.

Klukkan 22:56 - kjördeild 3.

Klukkan 23:00 - kjördeild 8.

Klukkan 23:03 - kjördeild 9.

Klukkan 23:09 - kjördeild 1.

Fulltrúar yfirkjörstjórnar, Soffía og Hrafnhildur tóku á móti kjörgögnum frá hverfiskjörstjórn á Álftanesi klukkan 23:12.

Flutning kjörkassa frá Álftanesi á talningarstað í Urðarbrunni í Fjölbrautarskólanum í Garðabæ og skil á kjörgögnum önnuðust Lúðvík Hjalti og Snædís fulltrúar hverfiskjörstjórnar á Álftanesi. Kjörkassar nr. A0489 og A0491.

Klukkan 22:43 skráði Haraldur Ásgeir Gíslason, aðstoðarmaður umboðsmanns M-lista sig inn á skrifstofu yfirkjörstjórnar.

Klukkan 22:45 fluttu fulltrúar yfirkjörstjórnar, Gunnar, Krístrún og Konráð innsiglaða kjörkassa úr kjördeildum 1-10, kassar nr. A0469, A0471, A0473, A0475, A0477, A0479, A0481, A0483, A0485 og A0487 úr Mýrinni yfir á talningarstað að Urðarbrunni í Fjölbrautarskólanum í Garðabæ. Staðfest var af fulltrúum yfirkjörstjórnar að innsigli á kjörkössum voru órofin við komuna í FG. Jóhann og Ágúst fulltrúar yfirkjörstjórnar tóku á móti kjörkössum í Urðarbrunni í FG.

Utankjörfundaratkvæði voru samtals 2.310, þar af 10 ógildir. Gild utankjörfundaratkvæði voru samtals 2.300.

Alls greidd atkvæði á kjörstað 9.326. Samtals greidd atkvæði í kjördeildum 11.626. Þar af 5.668 karlar, 5.956 konur og 2 hlutlaust kyn.

Kjörsókn er því 73,9%, en á kjörskrá voru 15.724.

Ónotaðir kjörseðlar 4.031, þar af einn ónýtur.

Klukkan 22:10 mætti umboðsmaður S-lista, Kristján Sveinbjörnsson á talningarstað að Urðarbrunni í FG.

Klukkan 00:30 voru innsigli rofin á kjörkössum sem fluttir voru úr Mýrinni á talningarstað að Urðarbrunni klukkan 22:45 og kjörkössum sem fluttir voru af Álftanesi á talningarstað í Fjölbrautarskólanum í Garðabæ klukkan 23:12. Fulltrúi kjörstjórnar, Jóhann, rauf innsiglin. Í kjörkössum voru eftirfarandi fjöldi atkvæða:

Kjördeild 1: 352.

Kjördeild 2: 441.

Kjördeild 3: 357.

Kjördeild 4: 311.

Kjördeild 5: 329.

Kjördeild 6: 369.

Kjördeild 7: 324.

Kjördeild 8: 381.

Kjördeild 9: 325.

Kjördeild 10: 303.

Kjördeild 1 á Álftanesi: 406.

Kjördeild 2 á Álftanesi: 433.

Samtals voru því atkvæðin 4.331 í tólf kjörkössum.

Fyrstu tölur talningar atkvæða voru birtar kl. 00:00. Talin höfðu verið 6.461 atkvæði.

Talningu lauk kl. 04:43. Talin atkvæði 11.626.

Úrslit voru birt kl. 04:47.

Úrslit voru sem hér segir:

B-listi Framsóknarflokks hlaut 1.024 atkvæði.

C-listi Viðreisnar hlaut 721 atkvæði.

D-listi Sjálfstæðisflokks hlaut 6.644 atkvæði.

G-listi Garðabæjarlista hlaut 988 atkvæði.

M-listi Miðflokks hlaut 762 atkvæði.

S-listi Samfylkingar hlaut 1.323 atkvæði.

Alls 11.462 atkvæði eru gild. Auðir seðlar 130 og ógildir 34.

Atkvæðaseðlar voru settir í kjörkassa og þeir innisglaðir af fulltrúa yfirkjörstjórnar. Innsigli eru eftirfarandi: K00054899, K00054901, K00054900, K00054902.

Kjörkassar með atkvæðum auk kjörgagna flutt til geymslu í fundarherbergi á 5. hæð í Ráðhúsi Garðabæjar sem er læst og innisglað með innsigli nr. K00054903. Umslag með aðgangskorti innisglað með nr. K00054904.

Fulltrúar yfirkjörstjórnar Soffía og Lúðvík Örn sjá um flutning og innsiglingu á fundarherbergi.

Fleira ekki gert og kjörfundi slitið klukkan 04:55.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð yfirkjörstjórnar Garðabæjar laugardaginn 16. maí 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra nefndarmanna.

Bæjarráð Garðabæjar
17. (2212). fundur 2026

Þriðjudaginn 12. maí 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2408207 - Grunnskólar, árangur og líðan - Kynning.

Kristján Gunnarsson hjá Deloitte kynnti vinnu við gerð tölfræðigagna á námsmati, líðan barna og mætingu í grunnskólum Garðabæjar fyrir skólaárið 2024-2025. Til kynningar voru niðurstöður varða íslensku- og stærðfræði í 4., 7. og 10. bekk. Þá var þróun gagna skoðuð fyrir árin 2019-2024. Staðan er almennt góð, nemendur í Garðabæ standa sig almennt betur í lesfimi en landið og líðan er almennt betri.

2. 2601141 - Þróunarsjóður leikskóla 2026-2027.

Lögð fram afgreiðsla leikskólanefndar um úthlutun styrkja úr þróunarsjóði leikskóla 2026. Alls bárust 8 umsóknir í sjóðinn. Leikskólanefnd hefur fjallað um allar umsóknir og leggur til að úthlutað verði kr. 9.000.000 úr sjóðnum til 7 verkefna. Bæjarráð staðfestir tillögur leikskólanefndar um úthlutun styrkja, sbr. 4. gr. reglna um þróunarsjóð leikskóla.

3. 2604531 - Sumaraukaopnun sundlauga.

Lagt fram minnisblað um sumaropnun sundlauga í Garðabæ. Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að farið verði í afmarkaða tilraunaopnun til kl. 22.00 á sunnudagskvöldum í Ásgarðslaug og Álftaneslaug frá 1. júní til 30. september 2026.

4. 2605077 - Íþróttamiðstöðin Urriðaholti - opnun og starfsemi.

Lagt fram minnisblað um fyrirhugaða opnun og starfsemi í þriðja áfanga Urriðaholtsskóla. Áfanginn felur í sér íþróttasal, innisundlaug, tilheyrandi stoðrymi og kennslurými. Starfsemi íþróttamiðstöðvarinnar Urriðaholti mun hefjast formlega í ágúst, við upphaf nýs skólaárs. Bæjarráð samþykkir að meta kostnaðaráhrif þess að tekin verði upp sambærileg sumaraukaopnun í sundlaug í Urriðaholti og verður í Ásgarðslaug og Álftaneslaug.

Bókun Guðlaugar Kristmundssonar:

"Viðreisn í Garðabæ vill að fyrirhuguð tilraun, að lengja opnunartíma sundlauga í Garðabæ á sunnudagskvöldum sumarið 2026, nái einnig til sundlaugarinnar í Urriðaholti þegar hún hefur hafið rekstur."

5. 2605076 - Styrkbeiðni - Yfirlitssýning á verkum Péturs Bjarnasonar myndlistarmanns.

Bæjarráð vísar erindinu til umræðu á fundi menningarnefndar og til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2026.

Fleira ekki gert,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 12. maí 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
18. (2213). fundur 2026

Þriðjudaginn 19. maí 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Gunnar Valur Gíslason varamaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2605190 - Útboð - Yfirborðsmerkingar í Garðabæ 2026.

Lögð fram útboðs og verklýsing vegna útboðs á yfirborðsmerkingum í Garðabæ 2026.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

2. 2605135 - Yfirlit Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar vegna stöðu húsnæðisuppyggingar í Garðabæ, dags. 08.05.26.

Lagt fram minnisblað HMS um stöðu húsnæðisuppyggingar í Garðabæ. Í samantektinni er ætluð íbúapörf hvers sveitarfélags borið saman við áætlaða lóðaúthlutun, íbúðauppyggingu og fólksfjölgun.

3. 2605141 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi endurhönnun Upplýsingaveitu sveitarfélaga og söfnun ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2025, dags. 12.05.26.

Lagt fram.

4. 2603139 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2026 og heiðursviðurkenning.

Bæjarráð samþykkir tillögu menningar- og safnanefndar um tilnefningu á bæjarlistamanni Garðabæjar árið 2026. Jafnframt samþykkir bæjarráð tillögu menningar- og safnanefndar um veitingu heiðursviðurkenningar.

Tilnefningarnar verða tilkynntar á menningaruppskeruhátíð fimmtudaginn 28. maí 2026, kl. 17:00 í Sveinatungu.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjrráðs Garðabæjar þriðjudaginn 19. maí 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
19. (2214). fundur 2026

Þriðjudaginn 26. maí 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Ingvar Arnarson varamaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengárd sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2605152 - Flataskóli, leyfi til niðurrifs hluta skólahúsnæðis.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að leyfa Garðabæ, kt. 570169-6109 að láta rífa niður hluta skólahúsnæðis Flataskóla á lóðinni Vífilstaðavegur, Flataskóli.

2. 2605186 - Viljayfirlýsing um samstarf um uppbyggingu sérskólaúrræða á höfuðborgarsvæðinu.

Lögð fram viljayfirlýsing Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar, Seltjarnarness, mennta- og barnamálaráðuneytisins og innviðaráðuneytisins, vegna vinnu að mótun og uppbyggingu sérskólaúrræða fyrir börn á höfuðborgarsvæðinu til lengri tíma. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að staðfesta samþykki Garðabæjar á fyrirliggjandi viljayfirlýsingu.

3. 2605205 - Tilkynning frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála um stjórnsýslukæru nr. UUA2605006 - Borgarás 10, dags. 15.05.26.

Lögð fram kæra lóðarhafa Borgarás 12 til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna afgreiðslu á kröfu um afturköllun byggingarleyfis og beitningu þvingunarúrræða vegna framkvæmda að Borgarási 10.

Bæjarráð felur Juris lögmannsstofu að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

4. 2605278 - Evrópsk samgönguvika 2026.

Lagt fram erindi Umhverfis- orku og loftlagsráðuneytisins vegna evrópskrar samgönguviku sem haldin verður dagana 16.-22. september 2026.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 26. maí 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar 50. fundur 2026

Miðvikudaginn 6. maí 2026 kl. 08:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður, Arnar Hólm Einarsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi, Gunnar Richardson tómstundafulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2605029 - Vinnuskóli Garðabæjar 2026

Farið var yfir undirbúning Vinnuskóla Garðabæjar fyrir sumarið 2026. Vinnuskólinn verður starfræktur með hefðbundnu sniði og áhersla lögð á fræðandi og uppbyggilegt starf í öruggu starfsumhverfi.

Hákon Hjartarson tekur við umsjón Vinnuskólans af Gunnari Richardssyni. Skráning fer fram í Völu og stendur til 15. maí 2026.

Þegar málið var tekið fyrir höfðu borist 512 umsóknir og gert er ráð fyrir að þeim fjölgi fram að lokum skráningarfrests. Vinnuskólinn er ætlaður nemendum í 8.-10. bekk og verða helstu verkefni garðyrkja, umhirða og önnur samfélagsleg verkefni innan bæjarins.

2. 2604030 - Sumarnámskeið barna 2026

Sumarnámskeið barna 2026 eru nú birt á vef Garðabæjar og á fristund.is
32 mismunandi tilboð verða í gangi fyrir 6-9 ára börn frá skólalokum til skólabyrjunar. ​
Opið verður í fristund fyrir 1. og 2. bekk vikuna fyrir skólabyrjun í haust.​

3. 2604531 - Sumaraukaopnun sundlauga

Rædd var tillaga um sumaropnun í sundlaugum Garðabæjar 2026, sem felur í sér lengri opnun sundlauga í Ásgarði og á Álftanesi á sunnudagskvöldum til kl. 22:00 frá 1. júní til 30. september, í tilraunaskyni. Íþróttta- og tómstundaráð telur tillöguna metnaðarfullt og jákvætt skref til að efla þjónustu við bæjarbúa yfir sumartímann og leggur til við bæjarráð að hún verði samþykkt. Að tímabilinu loknu verði tekin saman tölfræði um nýtingu og reynslu af verkefninu og málið metið í framhaldinu.

Undir sama lið var einnig fjallað um fyrirhugaða opnun sundlaugar í Urriðaholti fyrir almenning. Íþróttta- og tómstundaráð fagnar þeim áformum, sem og tilkomu nýs íþróttahúss, og telur hvort tveggja mikilvægt skref í að efla aðgengi bæjarbúa að fjölbreyttri íþróttta-, tómstunda- og heilsueflandi þjónustu.

4. 2604544 - Umsókn um styrk vegna persónulegs búnaðar í keppni fatlaðra

Íþrótttafulltrúa er falið að skoða og útfæra mögulegar leiðir til að koma til móts við óskir Þórs Þórhallssonar um stuðning við iðkun afreksíþróttar í skotfimi. Í því samhengi verði meðal annars horft til fyrirkomulags og úthlutunar afreksstyrkja næsta haust.

5. 2605028 - Störf ÍTG 2022 til 2026

Formaður íþróttá- og tómstundaráðs fór yfir störf ráðsins á kjörtímabilinu 2022-2026 í máli og myndum og rakti helstu verkefni, áherslur og framfaraskref á tímabilinu.

Á tímabilinu var unnið að fjölmörgum nýframkvæmdum og umbótaverkefnum, auk þess sem verulegt fjármagn var varið til viðhalds, endurnýjunar og uppbyggingar íþróttá- og tómstundamannvirkja. Þar bar hæst áframhaldandi uppbygging og þróun Miðgarðs, uppbygging íþróttahúss og sundlaugar í Urriðaholti, opnun Vinagarðs í Urriðaholti, auk nýrra útivistar- og samgöngustíga sem styrktu tengingu íbúa við íþróttá- og tómstundaaðstöðu.

Jafnframt var ráðist í mikilvægar viðhalds- og endurnýjunarframkvæmdir í eldri mannvirkjum, meðal annars í Mýrinni, Ásgarði og á Álftanesi, þar sem farið var í gólf, ný stúka var sett upp á Álftanesi, nýtt gervigras var lagt, og endurbætur urðu víða á búnaði, lýsingu o.s.frv. Áhersla var þannig lögð bæði á nýja uppbyggingu og ábyrga rækt við eldri innviði.

Ráðið lagði einnig ríka áherslu á að efla stuðning við félög og einstaklinga. Á tímabilinu voru samstarfssamningar og stuðningskerfi þróuð áfram, hvatapeningakerfið styrkt og tekjutenging viðbótarhvatapeninga tekin upp til að bæta aðgengi allra barna og ungmenna að skipulögðu starfi. Þá var fjárhæð ferðastyrkja hækkuð úr 20 þúsund krónum í 50 þúsund krónur, sem var mikilvægt skref í að efla stuðning við íþróttafólk sem sækir landsliðsverkefni og keppni utan landssteinanna.

Félagsmiðstöðvum barna og ungmenna fjölgaði úr þremur í sex á kjörtímabilinu, ungmennahús var opnað, félagsmiðstöð eldri borgara í Lambamýri á Álftanesi var tekin í notkun og undirbúningur hafinn að félagsmiðstöð fyrir fötluð ungmenni í Lambamýri.

Kjörtímabilið 2022-2026 einkenndist þannig af grósku og vexti og nefndarmenn voru sammála um að samstarfið hafi verið gott og skemmtilegt.

6. 2604399 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Ferðastyrkur til Kötlu Maríu Geirsdóttur kr. 20.000 vegna Norður Evrópumóts í áhaldafimleikum í Leicester 24. okt. 2025.

7. 2604272 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Ferðastyrkur fyrir Hákon Árna Heiðarsson kr. 50.000 vegna NM í hóp fimleikum í Stavanger 16.04. 2026.

8. 2604163 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Ferðastyrkur til Arons Friðriks Georgssonar kr. 50.000 vegna EM í kraftlyftingum á Möltu 20. mars 2026.

9. 2604162 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Ferðastyrkur til Brynjars Sveins A. Björgvinssonar kr. 50.000 vegna NM í hóp fimleikum Sola í Noregi 16. apríl 2026

10. 2604128 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Ferðastyrkur til Alexanders Úlfs Jónssonar kr. 50.000 vegna NM í hóp fimleikum í Noregi 16. apríl 2026.

11. 2604113 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Ferðastyrkur til Emils Freys Guðjónssonar kr. 50.000 vegna NM í hóp fimleikum í Stavanger í Noregi 16. apríl 2026.

12. 2604018 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Ferðastyrkur til Skúla Snæs Arnórssonar kr. 50.000 vegna NM í hópfimleikum í Sola, Noregi
16.til 19. apríl 2026

13. 2605030 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

Ferðastyrkur kr. 50.000 til Þórdísar Unnar Bjarkadóttur vegna Evrópubikarmóts í bogfimi á
Antalya, Tyrklandi 20. til 26. apríl 2026.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
41. fundur 2026

Miðvikudaginn 13. maí 2026 kl. 08:15 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Finnur Jónsson aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra, Nicoleta Mihai fulltrúi starfsmanna og Ingi Örn Jónsson fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2604540 - Eftirlit með gæðum á máltíðum í leik- og grunnskólum.

Sviðsstjóri kynnti aðkomu næringarfræðinga á vegum Garðabæjar sem frá og með vori 2026 munu sinna eftirliti með skólamáltíðum í leik- og grunnskólum. Á samningstímanum munu þeir heimsækja skóla í Garðabæ. Árlega verður farið í markvissar úttektir í völdum skólum þar sem m.a., verða metnir matseðlar, framsetning, úrval og gæði matar.

Næringarfræðingar munu einnig fara í eftirlit í framleiðslueldhús Skólamatar og skóla þar sem það á við, með áherslu á eftirlit með gæðum, innihaldsefnum, vinnslu hráefna og fyrirkomulag vegna ofnæmisvalda.

Leikskólanefndin fagnar því að þetta verkefni sé farið af stað.

2. 2604374 - Skóladagatal leik- og grunnskóla 2027-2028

Skóladagatal 2027 - 2028 var lagt fram til kynningar og samþykkt. Einnig vill leikskólanefnd þakka fyrir gott samstarf við Hjallastefnuna vegna skóladagatals.

3. 2605110 - Störf leikskólanefndar 2022-2026 - samantekt

Samantekt á störfum leikskólanefndar 2022-2026 lögð fram. Formaður leikskólanefndar fór yfir helstu störf og verkefni nefndarinnar og þakkaði fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
72. fundur 2026

Föstudaginn 15. maí 2026 kl. 08:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Torfi Geir Símonarson formaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmisdóttir aðalmaður, Rákel Norðfjörð Vilhjálmisdóttir aðalmaður, Laufey Arna Arnalds Johansen varamaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2603139 - Bæjarlistamaður og heiðursviðurkenning 2026

Rætt um athöfn þar sem bæjarlistamaður verður útnefndur, heiðursviðurkenning veitt og styrkir úr hvatningarsjóði veittir.

2. 2605076 - Styrkbeiðni - Yfirlitssýning á verkum Péturs Bjarnasonar myndlistarmanns

Nefndin tekur vel í umsóknina og vísar henni til útfærslu hjá menningarfulltrúa.

3. 2605067 - Umsókn fyrir hvatningarsjóð

Styrkumsókn samþykkt.

4. 2604429 - Umsókn fyrir hvatningarsjóð

Styrkumsókn hafnað.

5. 2604146 - Umsókn fyrir hvatningarsjóð

Styrkumsókn samþykkt.

6. 2603411 - Umsókn fyrir hvatningarsjóð

Styrkumsókn hafnað.

7. 2603030 - Umsókn fyrir hvatningarsjóð

Styrkumsókn samþykkt.

8. 2602508 - Umsókn fyrir hvatningarsjóð

Styrkumsókn hafnað.

9. 2601515 - Umsókn fyrir hvatningarsjóð

Styrkumsókn hafnað.

10. 2603446 - Umsókn fyrir hvatningarsjóð
Styrkumsókn samþykkt.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
40. fundur 2026

Miðvikudaginn 6. maí 2026 kl. 08:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Tinna Borg Arnfinnsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Anna María Skúladóttir fulltrúi skólastjóra, Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara og Vera Rut Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2408207 - Grunnskólar, árangur og líðan

Kristján Gunnarsson hjá Deloitte kynnti vinnu við gerð tölfræðigagna á námsmati, líðan barna og mætingu í grunnskólum Garðabæjar fyrir skólaárið 2024-2025. Til kynningar voru niðurstöður er varða íslensku- og stærðfræði í 4., 7. og 10.bekk. Þá var þróun gagna skoðuð fyrir árin 2019-2024. Staðan er almennt góð, nemendur í Garðabæ standa sig almennt betur í Lesfimi en landið og líðan er almennt betri.

2. 2506001 - Sértek úrræði í grunnskólum

Grunnskólafulltrúi kynnti stöðu stofnunar Þorláksskóla sem er sérhæfður grunnskóli fyrir einhverf börn. Stefnt er að því að skólinn taki til starfa haustið 2026, af því skyldu að tilskilin leyfi fáiast.

3. 2604374 - Skóladagatal leik- og grunnskóla 2027-2028

Skóladagatal 2027 - 2028 var lagt fram til kynningar og samþykkt.

4. 2602428 - Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2026

Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2026, var lögð fram til kynningar. Alls bárust umsóknir um styrki til 226 verkefna frá 82 umsækjendum upp á rúmlega 227 milljónir króna. Ákveðið var að veita styrki til 219 verkefna og nam heildarfjárhæð styrkloforða rúmlega 82,4 milljónum króna.

Garðabær = 3.399.000.- (103 klukkustundir)

Álftanesskóli = 462.000.-

Flataskóli = 264.000.-

Hofsstaðaskóli = 462.000.-

Garðaskóli = 297.000.-

Sjálandsskóli = 990.000.-

Urriðaholtsskóli = 990.000.-

Samtals úthlutað til Garðabæjar kr. 6.864.000.-

5. 2604540 - Eftirlit með gæðum á máltíðum í leik- og grunnskólum.

Grunnskólafulltrúi kynnti aðkomu næringarfræðinga á vegum Garðabæjar sem frá og með vori 2026 munu sinna eftirliti með skólamáltíðum í leik- og grunnskólum. Á samningstímanum munu þeir heimsækja skóla í Garðabæ. Árlega verður farið í markvissar úttektir í völdum skólum þar sem m.a., verða metnir matseðlar, framsetning, úrval og gæði matar.

Næringarfræðingar munu einnig fara í eftirlit í framleiðslueldhús Skólamatar og skóla þar sem það á við, með áherslu á eftirlit með gæðum, innihaldsefnum, vinnslu hráefna og fyrirkomulag vegna ofnæmisvalda.

6. 2604375 - Störf skólanefndar 2025-2026 - samantekt

Samantekt á störfum skólanefndar 2025-2026 lögð fram. Formaður skólanefndar fór yfir störf nefndarinnar og helstu verkefni og áherslu á kjörtímabilinu. Formaður þakkaði fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar
13. fundur 2026

Föstudaginn 8. maí 2026 kl. 08:00 kom skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi.

Fundinn sátu: Lilja Lind Pálsdóttir formaður, Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir varamaður, Védís Hervör Árnadóttir varamaður, Sólveig Guðrún Geirsdóttir varamaður, Laufey Ólafsdóttir skólastjóri, Edda Björg Sigurðardóttir deildarstjóri skóladeildar og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2503122 - Stækkun Tónlistarskólans - fyrsta skóflustungan.

Formaður fór yfir skóflustunguna og kynnti stöðuna á framkvæmdum sem hafnar eru við stækkun tónlistarskólans.

Nefndin fagnar þeim merka áfanga að fyrsta skóflustungan að stækkun Tónlistarskólans hafi verið tekin og óskar skólanum innilega til hamingju með þetta mikilvæga skref í uppbyggingu og framtíðarsýn hans. Nefndin lýsir mikilli ánægju með verkefnið, telur það til mikilla framfara fyrir skólastarfið og menningarlíf bæjarins og hlakkar til að fylgjast með framvindu þess á næstu misserum

2. 2602214 - Yfirferð á skólaárinu sem er að líða.

Farið var yfir stærstu viðburði á skólaárinu og þá viðburði sem eru framundan.

3. 2602214 - Skóladagatal Tónlistarskólans 2026-2027 lagt fram.

Skóladagatal 2026-27 var lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
35 (22-26). fundur 2026

Miðvikudaginn 13. maí 2026 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Greta Ósk Óskarsdóttir aðalmaður, Eyþór Eðvarðsson aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og Egill Daði Gíslason deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Linda Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1812078 - Rannsókn á lífríki Vífilsstaðavatns

Máli frestað.

2. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri kynnti skipulagsvinnu Norðurness. Umhverfisnefnd ræddi viðmið Vegagerðar varðandi lágmarkshæð byggðar yfir sjávarmáli í tengslum við hækkun sjávarmáls.

3. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri kynnti skipulagsvinnu Norðurness. Umhverfisnefnd ræddi viðmið vegagerðar varðandi lágmarkshæð byggðar yfir sjávarmáli í tengslum við hækkun sjávarmáls.

4. 2604185 - Sjóvarnir við Golfklúbb Álftaness

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri kynnti stöðu sjóvarna við Golfklúbb Álftaness.

5. 2605053 - Fyrirspurn um mengun

Grunur um mengun rædd og nefndin felur umhverfissviði að fylgja málinu áfram eftir við Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

6. 2602150 - Reykjanesfólkvangur - friðlýsingarskilmálar

Umhverfisnefnd leggur til að valkostur a) verði valinn og svæðið verði friðlýst sem landslagsverndarsvæði innan Garðabæjar.

7. 2605054 - Starfsskýrsla Skógræktarfélags Garðabæjar 2025-2026

Lagt fram.

8. 2605069 - Ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar 2025

Lagt fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Velferðarráð Garðabæjar

5. fundur 2026

Föstudaginn 8. maí 2026 kl. 08:15 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Snædís Björnsdóttir lögfræðingur.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2509271 - Frístundaþjónusta fatlaðra barna og ungmenna

Upplýsingar um stöðu framkvæmda vegna frístundaþjónustu fatlaðra ungmenna lagðar fram til umræðu. Skrifað hefur verið undir verksamning vegna framkvæmdanna, en fram undan eru framkvæmdir á rýminu. Hönnuður rýmisins eru Nordic arkitektar og framkvæmdir og frágangur innanhúss er í höndum Aðalvíkur ehf.

2. 2603502 - Samþætting heilbrigðis- og félagsþjónustu í Garðabæ

Velferðarráð styður það eindregið að haldið verði áfram að skoða grundvöll þess að samþætta heilbrigðis- og félagsþjónustu í Garðabæ.

3. 2301082 - Aðgerðaáætlun Garðabæjar í jafnréttismálum 2024-2026

Farið yfir stöðu aðgerða samkvæmt aðgerðaáætlun Garðabæjar í jafnréttismálum 2024-2026.

4. 1903268 - Tölulegar upplýsingar fjárhagsaðstoð

Tölfræði vegna fjárhagsaðstoðar janúar til apríl 2026 lögð fram til umræðu og kynningar ásamt tölum um atvinnuleysi.

5. 2502547 - Íbúaping eldra fólks 2026

Niðurstöður íbúapings eldra fólks, frá 11. mars lagðar fram til kynningar og umræðu. Almenn ánægja var með umgjörð, framkvæmd og skipulag fundarins og þá vinnu sem lagt var upp með þar.

Í niðurstöðum íbúapings liggja fyrir margar ábendingar og tillögur um þætti sem eldra fólk vill leggja áherslu á til framtíðar. Horft verður til þeirra ábendinga og tillagna við mótun og endurskoðun á stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum eldra fólks til næstu ára.

6. 2604161 - Umsókn um félagslega íbúð


Velferðarráð staðfestir niðurstöðu velferðarsviðs. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

7. 2604452 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Velferðarráð staðfestir niðurstöðu velferðarsviðs. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálhluta fundargerðar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Viljayfirlýsing um samstarf um uppbyggingu sérskólaúrræða á höfuðborgarsvæðinu

Undirritaðir aðilar, sveitarfélögin Reykjavík, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær, mennta- og barnamálaráðuneytið og innviðaráðuneytið, lýsa hér með yfir vilja sínum til að vinna saman að mótun og uppbyggingu sérskólaúrræða fyrir börn á höfuðborgarsvæðinu til lengri tíma.

Eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2025 var að vinna fýsileikakönnun á því að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eigi samstarf um uppbyggingu sérskóla í samstarfi við ríkið. Unnin var ítarleg greining og sett fram í skýrslu þar sem samstarfið var talið fýsilegt og settar voru fram tillögur að næstu skrefum. Er viljayfirlýsing þessi unnin í kjölfarið af því.

Aðilar gera sér grein fyrir vaxandi þörf fyrir sérskólaúrræði á höfuðborgarsvæðinu. Áætlað er að um 360 börn á grunnskólaaldri á höfuðborgarsvæðinu, eða um 1,0-1,3% allra grunnskólabarna á svæðinu, uppfylli skilyrði um sérskólaúrræði á hverjum tíma. Í dag eru rúmlega 200 börn í sérskólum. Að auki eru um 160 börn í öðrum sérúrræðum innan grunnskólanna.

Aðilar eru sammála um að samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um rekstur sameiginlegra sérskóla í samstarfi við ríkið sé bæði raunhæft og fýsilegt. Með slíku samstarfi geta sveitarfélög sameinað eftirspurn, fagþekkingu og fjármuni og þannig byggt upp stærri og stöðugri rekstrareiningar sem veita börnum betri og sérhæfðari þjónustu en núverandi fyrirkomulag gerir.

Aðilar eru jafnframt sammála um að samstarf við ríkið sé lykilforsenda árangurs, sérstaklega þegar kemur að þjónustu við börn sem tengjast ríkisreknum stofnunum og úrræðum.

Markmið

Markmið samstarfsins er að:

- Tryggja að börn sem þurfa sérskólaúrræði fái viðeigandi þjónustu
- Byggja upp fjölbreytt og sveigjanleg úrræði sem taka mið af ólíkum þörfum barna
- Nýta betur sameiginlega þekkingu, reynslu og getu aðila með samstilltu átaki

Handwritten signatures and initials, including "ME W", "AG", "PS", and "PAA".

Stýrihópur

Skipaður verður sameiginlegur stýrihópur sveitarfélaganna sem leiðir verkefnið. Skólamálanefnd SSH skipar þrjá fagaðila til setu í hópnum, stjórn SSH einn fulltrúa með sérþekkingu á sviði fjármála, einn fulltrúa með sérþekkingu á sviði skipulags- og byggingarmála og einn fulltrúa með aðra sérþekkingu. Í hópnum situr einnig fulltrúi mennta- og barnamálaráðuneytisins. Stjórn SSH skipar formann hópsins og skrifstofa SSH skipar aðila til að starfa með hópnum.

Hlutverk hópsins er að móta tillögur að framtíðarskipan sérskólaúrræða. Hópurinn starfar tímabundið, að hámarki í 4–6 mánuði og hefur þau meginverkefni að útfæra tillögur er varða:

- Uppbyggingu langtíma sérskólaúrræða
- Uppbyggingu fjölbreyttra skammtímaúrræða
- Endurskoða fyrirkomulag sérdeildar og mögulega fjölgun sérdeilda innan almennra grunnskóla
- Formlega ábyrgðarskiptingu milli sveitarfélaga og ríkis í framkvæmd skólastarfs í sérskólaúrræðum.

a) Uppbygging langtíma sérskólaúrræða

Stýrihópurinn skoðar sérstaklega uppbyggingu nýrra sérskólaúrræða fyrir börn með langtímasérskólaþarfir, með hliðsjón af fjórum meginstoðum sérskólaþjónustu á svæðinu:

- Klettaskóli: 70–90 börn
- Arnarskóli: 45–50 börn
- Korpuskóli (sem sérskóli): 50–60 börn
- Nýr sérskóli á suðursvæði höfuðborgarsvæðisins: 100–110 barna skóli

Rýna þurfi fjölda barna sem sækja hvern skóla og hvort endurskoða þurfi heildarfjölda í hverjum skóla fyrir sig, þ.e. með tilliti til samsetningar nemendahópsins, búsetu, o.fl sem við á.

Stýrihópurinn leggur fram tillögur um stærð nýs langtíma sérskóla og staðsetningu, ásamt áætlun um rekstrarkostnað skólans. Hópurinn leitast eftir því að vinna málið í samvinnu við innviðaráðuneytið og Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna mögulegrar kostnaðarþátttöku sjóðsins vegna stofnkostnaðar þess hluta uppbyggingarinnar sem snýr að fötlun barna. Möguleg kostnaðarþátttaka sjóðsins byggir á reglugerð um starfsemi Fasteignsjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr. 201/2026.

b) Uppbygging fjölbreyttra skammtímaúrræða

Stýrihópurinn skoðar sérstaklega uppbyggingu fjölbreyttra skammtímaúrræða auk Brúarskóla. Vinna að slíkum úrræðum skal unnin í nánu samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið, einkum hvað varðar kennslu og þjónustu við börn sem dvelja á stofnunum á þeirra vegum, svo sem BUGL, Barnaspítala Hringingsins og Stuðlum.

Stýrihópurinn leggur fram tillögur um tegund úrræða, fjölda nemenda í hverju úrræði og hugsanlega staðsetningu ásamt rekstraráætlun úrræða.



c) Fjölgun sérdeilda

Stýrihópurinn horfir sérstaklega til þess hvernig hægt er að fjölga sérdeildum innan almennra grunnskóla sem hagkvæmum og sveigjanlegum valkosti, einkum sem tímabundin gegnumstreymisúrræði með skýrum markmiðum og útgönguleiðum aftur í almennt skólastarf.

Stýrihópurinn skoðar jafnframt tækifæri sem felast í að endurskoða, endurskilgreina núverandi fyrirkomulag sérdeilda og fjölga sérdeildum á höfuðborgarsvæðinu.

Áætluð tímalína

júní 2026	• Stýrihópur stofnaður
desember 2026	• Hópurinn skilar af sér endanlegum tillögum
2027	• Formlega gengið frá samstarfssamningum ríkis og sveitarfélaga
	• Undirbúningur stofnunar nýs sérskólaúrræðis til langtíma hefst
	• Undirbúningur fjölbreyttra skammtímaúrræða hefst
	• Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hefja sameiginlega vinnu sem miðar að því að fjölga sérdeildum innan almennra grunnskóla
2029/2030	• Stefnt að því að nýtt sérskólaúrræði taki til starfa
	• Fjölbreytt skammtímaúrræði tekin til starfa
	• Fjölgun sérdeilda innan almennra grunnskóla hefur átt sér stað

Viljayfirlýsing þessi er hvorki lagalega né fjárhagslega bindandi heldur lýsir sameiginlegum vilja aðila til samstarfs.

Viljayfirlýsing þessi gildir þar til annað er ákveðið. Telji aðili ástæðu til skal yfirlýsingin tekin til endurskoðunar.

Reykjavík, 13. maí 2026

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri Reykjavíkur
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Valdimar Víðisson bærarstjóri Hafnarfjarðar
með fyrirvara um samþykki bæjarráðs

Þóra Margrét Hjaltsted bærarstjóri Mosfellsbæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarráðs

F.h. mennta- og barnamálaráðherra,
Ragnar Þór Ingólfsson félags- og
húsnæðismálaráðherra

Ásdís Kristjánsdóttir bærarstjóri Kópavogs
með fyrirvara um samþykki bæjarráðs

Almar Guðmundsson bærarstjóri Garðabæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarráðs

Þór Sigurgeirsson bærarstjóri Seltjarnarnesbæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarráðs

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**146. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 8. maí 2026
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Lovísa Björg Traustadóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Tjaldsvæði á höfuðborgarsvæðinu - 2506005

Árið 2025 vann Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins samantekt á stöðu tjaldsvæða á höfuðborgarsvæðinu. Þá var núverandi staða greind og lagt mat á framtíðarþarfir. Niðurstöður greiningarinnar voru kynntar á 139. fundi svæðisskipulagsnefndar þann 13. júní 2025. Í janúar síðastliðnum var haldin vinnustofa með hagaðilum um framtíð tjaldsvæða á höfuðborgarsvæðinu.

Gestir

Inga Hlín Pálsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins -
Inga Hlín Pálsdóttir kynnti niðurstöður vinnustofunnar og tók þátt í umræðum.

Svæðisskipulagsnefnd telur mikilvægt fyrir höfuðborgarsvæðið að hér sé boðið upp á næg og fjölbreytt tjaldsvæði. Nefndin samþykkir að verkefnið verði kynnt fyrir fagráði SSH og aftur fyrir nýrri nefnd að loknum kosningum.

2. Almannaþing höfuðborgarsvæðisins - Hættumat - 2202004

Í kjölfar aukinnar eldvirkni á Reykjanesskaga og jarðhræringa í og við Grindavík í nóvember 2023 var kallað eftir uppfærðu hættu- og áhættumati vegna eldgosavár fyrir allan Reykjanesskaga.

Veðurstofa Íslands hefur nú gefið út fyrsta hluta langtímahættumats vegna hraunvár á Reykjanesskaga. Niðurstöður matsins geta nýst til að bera saman svæði, meta berskjöldun gagnvart hraunvá og styðja við ákvarðanir um skipulag, landnotkun og framtíðaruppbyggingu.

Gestir

Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri Almannaþinga höfuðborgarsvæðisins -
Jón Viðar Matthíasson kynnti niðurstöður hættumatsins og tók þátt í umræðum.

3. Gönguvæn borg 2036 - Stefna og aðgerðaráætlun - 2604004



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar kynnti nýlega til samráðs drög að stefnu og aðgerðaráætlun um gönguvæna borg.

Gestir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, samgöngustjóri hjá Reykjavíkurborg -

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir kynnti stefnuna og tók þátt í umræðum.

4. Græni stígurinn - 2301008

Á 112. fundi svæðisskipulagsnefndar dags. 9. desember 2022 var samþykkt að vinna frumgreiningu á legu græna stígsins, sem skilgreindur er í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Á 122. fundi svæðisskipulagsnefndar, þann 8. desember 2023, var skýrslan „Græni stígurinn. Frumgreining“, dags. 14. nóvember 2023, lögð fram og samþykkt. Einnig var lagt fram og samþykkt að nefndin hvetti aðildarsveitarfélög til að innleiða legu græna stígsins í skipulagsáætlanir sínar. Þá var formanni og svæðisskipulagsstjóra falið að vinna áfram með Skógræktarfélagi Íslands að undirbúningi þess að merking og stikun græna stígsins gæti átt sér stað, í samráði við fagsvið sveitarfélaganna.

Á 126. fundi þann 12. apríl 2024 var lagt fram til kynningar minnisblað þáverandi svæðisskipulagsstjóra dags. 8. apríl 2024 um stöðu málsins.

Fyrirliggjandi til kynningar er erindi Skógræktarfélags Íslands til stjórnar SSH dags. 27. febrúar 2026. Einnig er lagt fram að nýju minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 8 apríl 2024.

Svæðisskipulagsstjóra var falið að senda erindið til sveitarfélaganna.

5. Svæðisskipulagsnefnd - umsagnir við skipulagsáætlanir í sumarhléum nefndarinnar - 2003003

Bent er á að á 112. fundi nefndarinnar þann 9. desember 2022 var eftirfarandi verklagsregla samþykkt:

Í sumarhléum nefndarinnar getur svæðisskipulagsstjóri skilað inn umsögnum við skipulagsáætlanir sem eru þá merktar „umsögn svæðisskipulagsstjóra.“ Þær skulu lagðar fram til kynningar á fyrsta fundi nefndarinnar eftir sumarhlé.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.

Fundargerð

280. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 17. apríl 2026, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Almar Guðmundsson, Þóra Margrét Hjaltsted, Þór Sigurgeirsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ragnhildur Jónsdóttir, Birgir Finnsson, Aldís Rún Lárusdóttir og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

Ásdís Kristjánsdóttir sat fjarfund.

1. Breyting á stjórn SHS - 2604003

Nýr fulltrúi Mosfellsbæjar, Þóra Margrét Hjaltsted, tekur setu í stjórn SHS.

2. Innra eftirlit og áhættustýring - 2601049

Farið yfir mat stjórnenda á núverandi áhættupoli lykiláhættubátta starfseminnar í samræmi við áhættustefnu og þróun þess, sem og helstu upplýsingar varðandi innra eftirlit á árinu 2025.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 280 2.1 Greinargerð um innra eftirlit og áhættustýringu.pdf

3. Árangur SHS í umhverfismálum 2025 - 2601048

Árangur SHS í umhverfismálum 2025 skv. mælikvörðum loftslagsstefnu SHS kynntur.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 280 3.1 Árangur SHS í umhverfismálum 2025.pdf

4. Framvinda brunavarnaáætlunar - 2604004

Kynning á framvindu brunavarnaáætlunar SHS og menntun slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Niðurstaða

Kynning.

Gestir

Hlynur Höskuldsson, deildarstjóri á aðgerðasviði -

Fylgiskjöl

SHS 280 4.1 Framvinda brunavarnaáætlunar SHS.pdf

Hlynur fer af fundi kl. 9.40.

5. Hættuleg búseta í íbúðarhúsnæði - 2604006

Eftir að dómsúrskurður veitti SHS í fyrsta skipti aðgang að íbúðarhúsnæði vorið 2025 hefur ábendingum um mögulega hættulega búsetu í íbúðarhúsnæði fjölgað. Unnið er að því að móta verklag hjá SHS fyrir þennan málaflokk.

Niðurstaða

Slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra falið að vinna áfram að verklaginu í samráði við byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlit á svæðinu. Framvinda verksins verði kynnt stjórn á næsta fundi.

6. Skýrsla HMS um eldsvoða á Stuðlum í október 2024 - 2604001

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun gaf nýverið út skýrslu um rannsókn á eldsvoða á meðferðarheimilinu Stuðlum í Reykjavík í október 2024. Þar eru lagðar fram úrbótatillögur á grundvelli þeirra niðurstaðna rannsóknarinnar að brunavarnir mannvirkisins, virkni þeirra og eftirlit með þeim hafi ekki verið í samræmi við brunahönnun og lögbundnar kröfur til brunavarna og mannvirkjagerðar.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 280 6.1 Skýrsla HMS um eldsvoða á Stuðlum.pdf

7. Önnur mál 2026 - 2601007

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 10:10.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Valdimar Víðisson

Almar Guðmundsson

Póra Margrét Hjaltested

Ragnhildur Jónsdóttir